

Nd.

263. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til lyfsölulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. 2. málgr. 2. másl. Á eftir orðunum „prófessor í lyfjafræði“ komi: (farmakologi) — og á eftir orðunum „lyfjafræði lyfsala“ komi: (pharmaci).
2. Við 14. gr. 1. málgr. Á eftir orðinu „lyfjafræðing“ komi: (pharmaceut).
3. Við 22. gr. 1. málgr. orðist þannig:
Lyfseðill (recept) er lyfjaávisun gefin út af lækni, tannlækni, dýralækni, er lækningaleyfi hefur hér á landi, og undirrituð af honum með eigin hendi. Í bráðri nauðsyn, eða vegna verulegrar fjarlægðar frá lyfjabúð, er lyfjaávisun í síma heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli, svo fljótt sem auðið er. Nánari ákvæði um lyfjaávisanir skulu sett í reglugerð.
4. Við 29. gr. 4. málgr. Í stað orðanna „né heldur til tannlækna“ komi: svo og til tannlækna.

5. Við 31. gr. 2. málsg. orðist þannig:
Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár, nema óviðráðanlegar ástæður séu fyrir hendi.
6. Við 32. gr.
 - a. Í 1. málsg. falli niður orðin „gegn staðgreiðslu“.
 - b. Á eftir 2. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi, og breytist röð málsgreina samkvæmt því:
Vilji fráfarandi lyfsali, eða bú hans, ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að eitt ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti, er segir í 5. málsgrein.
7. Við 35 gr. 2. málsg. Á eftir orðunum „þó getur ráðherra framlengt þann tíma um eitt ár“ komi: í senn.
8. Við 41. gr. 1. málsg. orðist þannig:
Lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að verzla með, má hvorki selja né afhenda til endursölu öðrum en þeim, sem réttindi hafa til að verzla með slíka vöru, sbr. þó ákvæði 50. gr.
9. Við 42. gr. 4. málsg. Á eftir orðinu „lyfjabúð“ komi: héraendis.
10. Við 43. gr. 1. málsg. Á eftir orðunum: „þar sem þörf er sérstakrar lyfjasölu“ komi: að dómi landlæknis.
11. Við 49. gr. Greinin orðist þannig:
Dýralæknur er heimilt að selja lyf handa dýrum, enda séu þau keypt í lyfjabúðum héraendis eða lyfjaheildverzlunum, sem og ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum eða Lyfjaverzlun ríkisins, sbr. 29. gr. 2. málsg.
Þeim er einnig heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að hafa á hendi sölu hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna handa dýrum svo og einfalda samsetningu lyfja í sama skyni, enda sé ekki rekin lyfjabúð í umdæminu eða dýralæknir sé búsettur fjarri lyfjabúðinni.
Í dýralæknisumdæmum, þar sem dýralæknar starfa, skulu ekki aðrir læknar ávísa lyfjum, sem ætluð eru dýrum, nema ekki náist til dýralæknis.
Ráðherra setur í samráði við landlækni, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, nánari fyrirmæli í reglugerð um lyfjagerð og lyfjasölu dýralækna.
12. Við 50. gr.
 - a. Við greinina bætist ný málsg., er verði næstsíðasta málsg. greinarinnar, svo hljóðandi:
Tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að selja lyf, sem þær hafa sjálfar framleitt, svo og dýralyf, sem þær gera tilraunir með, án takmarkana þeirra, er greinir í 1. málsg., en hlíta skulu þær stofnanir þó ákvæðum b-liðs 1. málsg.
 - b. Næstsíðasta málsg. í greininni, eins og hún er nú, verði síðasta málsg. og orðist þannig:
Nánari fyrirmæli um efni þessarar greinar skal setja í reglugerð.
13. Við 51. gr. 1. málsg. orðist þannig:
Lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum (sbr. 50. gr.) svo og tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa.
14. Við bráðabirgðaákvæði.
 - a. 1. tölul. orðist þannig:
Þeir lyfsalar, sem hafa lyfsöluleyfi, er lög þessi öðlast gildi, og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
 - b. Við 2. tölul. bætist:
Ráðherra má einnig veita einstaklingi, sem haft hefur innflutning lyfja sem aðalstarf a. m. k. síðastliðin 10 ár, leyfi til að halda þeirri starfsemi áfram um eitt ár í senn.